



# Snæfellsbær

## Hjúkrunarfræðingur óskast við Dvalar- og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík

Dvalar - og hjúkrunarheimilið Jaðar í Ólafsvík auglýsir eftir hjúkrunarfræðingi í 80-100% starf. Um er að ræða framtíðarstarf.

Á Jaðri eru nú 22 heimilismenn. Heimilið var nýlega stækkað og allt tekið í gegn. Þar er vinnuaðstaða með því besta sem gerist.

Aðstoðum við útvegum húsnæðis.

Nánari upplýsingar veitir Inga Kristinsdóttir, forstöðumaður, í síma 857-6605 eða á [jadar@snb.is](mailto:jadar@snb.is)

**Umsóknir berist forstöðumanni Jaðars fyrir 10. mars n.k.**

---

Ólafsvík er einn af þremur þéttbýliskjörnum sem mynda sveitarfélagið Snæfellsbæ.

Snæfellsbær er ungt sveitarfélag sem vefur sig utan um Snæfellsjökul: Staðarsveit, Búðir, Breiðuvík, Arnarstapi, Hellnar, Hellissandur, Rif, Ólafsvík og Fróðárhreppur. Í góðu veðri er Ólafsvík í tveggja tíma akstursfjarlægð frá Reykjavík – og veðrið er að sjálfsögðu alltaf gott undir Jökli!

Hér býr gott fólk sem er alltaf tilbúið til að bjóða nýja Snæfellsbæinga velkomna.

Í Snæfellsbæ er sérstaklega fallett umhverfi þar sem Snæfellsjökul ber hæst, enda býður bæjarfélagið upp á alla flóru landsins þegar kemur að landslagi, fugla- og dýralífi.

Útivist og íþróttir er hægt að stunda hvenær sem er ársins, skíði og snjóþretti, gönguferðir, golf, hestamennsku, sund og margt fleira. Nýtt glæsilegt íþróttahús er í Ólafsvík.

Öflugt tónlistarlíf er í sveitarfélaginu og félagastarfsemi með miklum blóma.